

Fundargerð 57. fundar

verkefnisstjórnar um aukna hagsmunagæslu í úrgangsmálum

Árið 2020, mánudaginn 9. nóvember kl. 10:00 kom Verkefnisstjórn fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Steinþór Þórðarson, Ína Björk Ársælsdóttir, Friðrik Klingbeil Gunnarsson, Hrefna Bryndís Jónsdóttir, Freyr Ævarsson og Guðmundur Tryggvi Ólafsson.

Að auki sátu fundinn Guðjón Bragason sviðsstjóri, Bryndís Gunnlaugsdóttir lögfræðingur og Eygerður Margrétardóttir verkefnisstjóri, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerð 56. fundar - 2009015SA

Fundargerð verkefnisstjórnar um hagsmunagæslu í úrgangsmálum, dags. 5. október sl. lögð fram til samþykktar.

Fundargerðin var samþykkt án athugasemda.

2. Verkefnisstjórn um hagsmunagæslu í úrgangsmálum - 2011013SA

Verkefnisstjóri og lögfræðingur á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins sögðu frá vinnu innan sambandsins að því að taka saman helstu sjónarmið sem koma fram í nágildandi stefnumörkun sambandsins 2018-2022, skýrslu starfshóps sambandsins um stefnumótun í úrgangsmálum frá 2016 og umsögnum sambandsins að undanfögnu um ýmis mál tengd úrgangsmálum. Auk þess sem rýnt hefur verið í hagsmuni sveitarfélaga og þær áherslur sem koma fram í nágildandi regluverki úrgangsmála og þær sem koma fram í tilskipunum Evrópusambandsins um Hringrásarhagkerfið.

Verkefnisstjórnin mun vinna áfram með þessar tillögur á vinnufundi síðar í þessum mánuði. Verkefnisstjóri mun boða til fundarins.

3. Ákvörðun ríkisstjórnar um að falla frá áformum um urðunarskatt - 2009104SA

Lagt var fram bréf Aðalbjargar Egilsdóttur, ungmennafulltrúa Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum á sviði loftslagsmála, Sigrúnar Jónsdóttur, þátttakanda í skipulagshópi loftslagsverkfallsins og Þorgerðar M. Þorbjarnardóttur, formanni Ungra umhverfissina, dags. 13. október 2020, um ákvörðun ríkisstjórnar um að falla frá áformum um urðunarskatt. Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga fjallaði um erindið á fundi sínum 30. október sl. og fyrir fundinum lá bókun stjórnarinnar.

Þorgerður María Þorbjarnardóttir formaður Ungra umhverfissinna og Rebekka Karlsdóttir ritari félagsins mættu á fundinn. Rætt var um áhrif þess að falla frá álagningu urðunarskatts á Aðgerðaáætlun stjórnvalda í loftslagsmálum og afstöðu sambandsins til þess. Rætt var um hvaða þróun þyrfti að eiga sér stað til að urðunarskattur gæti virkað sem stjórnþæki til að draga úr myndun úrgangs og auka endurnotkun og endurvinnslu og draga úr förgun eins og honum er ætlað að gera.

Verkefnisstjórnin þakkar fyrir samtalið og áhuga Ungra umhverfissinna á málinu og lýsir sig reiðubúna til samstarfs um trausta úrgangsstjórnun sem miðar í átt að hringrásarhagkerfi þar sem hagrænir hvatar eru nýttir til lágmörkunar úrgangs og aukinnar endurnotkunar og endurvinnslu.

4. Innheimta eftirlitskostnaðar Umhverfisstofnunar - 2009253SA

Sambandinu hafa borist ábendingar um að kostnaður eftirlits Umhverfisstofnunar með bæði starfandi og aflögðum urðunarstöðum hafi aukist. Málið var síðast á dagskrá verkefnisstjórnarinnar þann 5. október sl. Sviðsstjóri og verkefnisstjóri á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins sögðu frá framgangi málsins og samskiptum við Umhverfisstofnun. Fyrirhugaður er fundur með stofnuninni um málið.

Verkefnisstjórnin óskar eftir að fá upplýsingar um vinnslu málsins á næsta fundi.

5. Málefni Úrvinnslusjóðs og framlengdrar framleiðendaábyrgðar - 2009107SA

Verkefnisstjóri og lögfræðingur á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins, sem jafnframt eiga sæti í stjórn Úrvinnslusjóðs, sögðu frá viðfangsefnum stjórnar Úrvinnslusjóðs að undanfögnu. Verkefnisstjórnin hefur fjallað um málefni Úrvinnslusjóðs og framlengdrar framleiðendaábyrgðar á síðustu fundum sínum og tekið upp samtal við framkvæmdastjóra Úrvinnslusjóðs.

Verkefnisstjórnin vill þakka fulltrúum sambandsins í Úrvinnslusjóði fyrir góða yfirferð. Mikilvægi Úrvinnslusjóðs til að tryggja rétta meðhöndlun úrgangs fer vaxandi og afar nauðsynlegt að fá reglulega fréttir af starfsemi sjóðsins. Verkefnisstjórn telur brýnt að auka gagnsæi og fræðslu um starfsemi Úrvinnslusjóðs en er þess fullviss að fulltrúar sambandsins halda hagsmunum og aðstæðum sveitarfélaga í úrgangsmálum vel á lofti á vettvangi stjórnarinnar.

6. Samræmdar úrgangsmarkningar FENÚR - 2009108SA

Verkefnisstjóri umhverfis- og úrgangsmála hjá sambandinu, sem jafnframt er formaður FENÚR, fagraðs um endurvinnslu og úrgang, kynnti dagskrá fundar félagsins um samræmdar norrænar markningar fyrir flokkun og söfnun úrgangs. Fundurinn fer fram 11. nóvember nk. þar sem ætlunin er að kynna tillögur félagsins að íslenski útgáfu að samræmdum markningum sem byggja á dönskum og sænskum markningum. Verkefnið hefur hlotið styrk frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu auk þess að vera fjármagnað af FENÚR. Lagt fram bréf félagsins, dags. 5. nóvember sl.

7. Fréttir af vettvangi Municipal Waste Europe - 2009223SA

Verkefnisstjóri umhverfis- og úrgangsmála hjá sambandinu sagði frá viðfangsefnum Municipal Waste Europe (MWE) að undanfögnu. Lögð fram dagskrá og fylgigögn stefnumótunarfundar MWE, dags. 12. október sl., sem fram fór 13. október sl. og verkefnisstjóri sambandsins tók þátt í.

8. Önnur mál - 2009111SA

Verkefnisstjóri umhverfis- og úrgangsmála hjá sambandinu sagði frá að Municipal Waste Europe hefur boðið sveitarfélögum og þjónustufyrirtækjum í úrgangsmálum upp á að taka þátt í tveggja daga námskeiði í desember um endurnotkun. Um er að ræða fjarnámskeið og fær hvert land tvö sæti á námskeiðinu og mun sambandið styrkja þá aðila sem sækja fræðsluna.

Fundi var slitið kl. 12:30

Steinþór Þórðarson

Ína Björk Ársælsdóttir

Friðrik Klingbeil Gunnarsson

Hrefna Bryndís Jónsdóttir

Freyr Ævarsson

Guðmundur Tryggvi Ólafsson